

Reglur um framkvæmd rafrænna kosninga til stjórnar og varastjórnar Hundaræktarfélags Íslands 2022.

1. gr. - Rafrænt stjórnakjör, kjörskrá og kosningakerfi

Kosningar stjórnarmanna og varastjórnarmanns í tengslum við aðalfund 2022 fara fram með rafrænum hætti, sbr. 10 gr. laga Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ). Kosning skal byggjast á kjörskrá þeirra félagsmanna sem kosningarétt hafa skv. 5. gr. laga HRFÍ, en kjörstjórn skal samþykkja kjörskrá og úrskurða um vafaatriði sem upp kunna að koma. Einungis þeir sem eru á kjörskrá geta kosið.

Rafræn kosning fer fram á kjörfundi skv. 3. gr. reglna þessara í gegnum kosningakerfið Valmund hjá Advania.

Til að greiða atkvæði fara kjósendur inn á heimasíðu HRFÍ (www.hrfi.is) og finna þar tengill fyrir kosningar 2022.

2. gr. - Kjörseðill

Kjörstjórn skal samþykkja rafrænan kjörseðil. Á honum skulu vera nöfn frambjóðenda og valmöguleikinn „tek ekki afstöðu“

3. gr. - Kjörfundur

Áður en kjörfundur hefst skal kjörstjórn, eða fulltrúi hennar, ásamt forráðamanni kosningakerfinsins, ganga úr skugga um að engin atkvæði hafi verið greidd í kerfinu.

Kjörfundur skal því næst settur og skal hann standa frá kl. 18.00 miðvikudaginn 18. maí 2022 til kl. 18.00 miðvikudaginn 25. maí 2022.

4. gr. - Búnaður til þátttöku í kosningu, auðkenning og atkvæðagreiðsla

Til þess að geta kosið með rafrænum hætti þarf félagsmaður að hafa nettengdan snjallsíma eða tölvu og rafræn skilríki eða íslykil. Jafnframt þarf félagsmaður að vera á kjörskrá.

Til að kjósa fer félagsmaður inn á heimasíðu HRFÍ og tengil fyrir kosningar, sbr. 1. gr., þar sem hann auðkennir sig með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Eftir að félagsmaður hefur auðkennt sig og svo framarlega sem hann er á kjörskrá, þá birtist kjörseðill.

Við atkvæðagreiðslu til stjórnar skal kjósa að hámarki tvo einstaklinga, en mögulegt er að kjósa einn einstakling eða taka ekki afstöðu.

Við atkvæðagreiðslu varamanns skal kjósa einn einstakling, en mögulegt er að taka ekki afstöðu.

Mögulegt er að endurtaka atkvæðagreiðslu en ný atkvæðagreiðsla ógildir þá fyrri þannig að einungis síðast framkvæmda atkvæðagreiðsla gildir.

5. gr. - Talning og tilkynning úrslita stjórnarkjörs.

Að kjörfundi loknum skulu atkvæði talin í kosningakerfinu og úrslit afhent formanni kjörstjórnar, sem tilkynnir úrslit stjórnarkjörs á aðalfundi, sbr. 8. gr. laga HRFÍ.

6. gr. - Varðveisla og eyðing gagna og upplýsingagjöf

Öll kjörgögn eru geymd í a.m.k. 10 daga eftir að úrslit kosninga eru tilkynnt. Ef sérstök ástæða er til skulu þau geymd lengur. Að öðrum kosti skal kjörgöngum eytt að liðnum þeim tíma.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu HRFÍ. Jafnframt skulu helstu atriði þeirra varðandi framkvæmd kosninga birtar í fundarboði aðalfundar.